

Góðan dag.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á fundi sínum 5. febrúar 2019 bókað eftirfarandi:

2015010196 - Umhverfis- og samgöngustefna Akureyrarkaupstaðar

Umræða um umhverfis- og samgöngustefnu bæjarins og stöðu aðgerða.

Frummælandi, Sóley Björk Stefánsdóttir V-lista, tók til máls og reifaði hvers vegna hún óskaði umræðu um stefnuna.

Andri Teitsson tók til máls og fór yfir helstu atriði stefnunnar, stöðu aðgerða og áform um endurskoðun. Í umræðum tóku einnig til máls Gunnar Gíslason, Eva Hrund Einarsdóttir, Dagbjört Elín Pálsdóttir, Halla Björk Reynisdóttir, Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Sóley Björk Stefánsdóttir, Þórhallur Jónsson, Gunnar Gíslason (í annað sinn), Hilda Jana Gísladóttir, Ingibjörg Ólöf Isaksen og Gunnar Gíslason (í þriðja sinn).

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi bókun með 11 samhljóða atkvæðum:

Bæjarstjórn Akureyrar skorar á stjórnvöld að tryggja í nýrri samgönguáætlun fjármögnun grunnrannsókna og samanburð á bestu kostum á legu mögulegra jarðganga undir Tröllaskaga, auk rannsóknar á samfélags- og efnahagslegum áhrifum sem leiða af nýjum Tröllaskagagöngum. Tröllaskagagöng munu ótvírátt hafa mikinn ávinning í för með sér í formi styttingar vegalengda á milli allra stærstu þéttbýlisstaða á Norðurlandi, aukins öryggis vegfarenda þar sem ný leið sem sneiðir fram hjá hæstu fjallvegum yrði til, stækkunar vinnusóknarsvæða, styrkingar almennrar þjónustu og eflingar ferðaþjónustu auk bættrar samkeppnisstöðu landshlutans. Slík jarðgöng myndu breyta svo miklu á svo stóru svæði að örðugt er að sjá áhrifin fyrir án ítarlegrar og faglegrar athugunar. Bæjarstjórn Akureyrar leggur þunga áhersla á að nauðsynlegur undirbúningur og frumrannsóknir vegna nýrra Tröllaskagaganga hljóti fjármögnun innan nýrrar samgönguáætlunar.

Fundargerðina í heild sinni ásamt fylgiskjölum með fundarliðum má nálgast

hér: <https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/fundargerdir/baejarstjorn/11023>

Fyrir hönd bæjarstjórnar,

Skjalasafn Akureyrarbæjar

Geislagötu 9, 600 Akureyri